# Vinnustaðanámssjóður

Vinnustaðanámssjóður er starfræktur samkvæmt lögum nr. 71/2012 um vinnustaðanámssjóð. Markmið styrkja til vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkir til vinnustaðanáms eru veittir á grundvelli ákvörðunar um framlög á fjárlögum hvers árs.

## Stjórn vinnustaðanámssjóðs

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar níu aðalmenn og níu varamenn í stjórn vinnustaðanámssjóðs til fjögurra ára í senn. Eftirfarandi aðilar tilnefna í stjórn sjóðsins: Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasamband Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Formaður og varamaður hans eru skipaðir án tilnefningar. Stjórn hefur yfirumsjón með sjóðnum, tekur ákvörðun um úthlutun og hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sjóðsins.

### Stjórn vinnustaðanámssjóðs (2012–2016)

***Mennta- og menningarmálaráðuneyti***

Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður

Kristrún Ísaksdóttir, varaformaður (hætt störfum)

***Fjármála- og efnahagsráðuneyti***

Ari Sigurðsson, nefndarmaður (hætti 1. júní 2013)

Halldóra Friðjónsdóttir, nefndarmaður (tók sæti Ara)

***Bandalag starfsmanna ríkis og bæja***

Birna Ólafsdóttir, nefndarmaður

Jakobína Eygló Benediktsdóttir, varamaður

***Samband íslenskra framhaldsskólanema***

Hildur Björgvinsdóttir, nefndarmaður

Viktor Ingi Lorange Bjarkason, varamaður

***Félag íslenskra framhaldsskóla***

Jón Björgvin Stefánsson, nefndarmaður

Olga Lísa Garðarsdóttir, varamaður

***Samtök atvinnulífsins***

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, nefndarmaður

Guðrún Svanfríður Eyjólfsdóttir, varamaður

(Sögðu af sér haustið 2014.)

***Alþýðusamband Íslands***

Níels Sigurður Olgeirsson, nefndarmaður

Hilmar Harðarson, varamaður

***Kennarasamband Íslands***

Sigurgeir Sveinsson, nefndarmaður

Guðný Lára Petersen, varamaður

***Samband íslenskra sveitarfélaga***

Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir, nefndarmaður

Tryggvi Þórhallsson, varamaður

## Umsýsla

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, er að sjá um alla almenna umsýslu í kringum vinnustaðanámssjóð. Rannís sér um að auglýsa umsóknarfresti fyrir hönd stjórnar og tekur á móti umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi. Rannís sér um að svara öllum umsækjendum og gerir samning við styrkþega ef úthlutun er milljón kr. eða hærri.

Rannís sér um að vinna umsóknir frá heilbrigðis- og félagsgreinum og uppeldis- og tómstundagreinum, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins sér um rafiðngreinar og IÐAN fræðslusetur sér um bygginga- og mannvirkjagreinar, farartækja- og flutningsgreinar, hönnunar- og handverksgreinar, matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar, málm-, véltækni- og framleiðslugreinar, snyrtigreinar og upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Þegar farið er yfir umsóknir er athugað hvort námssamningur sé til staðar.

Eftir að stjórn hefur samþykkt úthlutun fá umsækjendur senda staðfestingu um styrkveitingar með tölvupósti. Í framhaldi af því er fyrsta greiðsla (50%) innt af hendi, að því skilyrði uppfylltu að

staðfestur náms- eða starfsþjálfunarsamningur liggi fyrir og samningur undirritaður (þegar það á við). Að vinnustaðanámi eða starfsþjálfun lokinni sendir ábyrgðaraðili vinnustaðanáms staðfestingu þess að framvinda vinnustaðanáms standist skilyrði styrkveitingarinnar. Þá er lokagreiðsla innt af hendi. Á árinu 2014 greiddu IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnarins sínum hluta umsækjenda. Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiddi vegna þeirra umsókna sem Rannís sá um að fara yfir. Stefnt er að því á árinu 2015 að Rannís taki yfir allar greiðslur úr vinnustaðanámssjóði.

## Fjármál og úthlutanir

Fjárveiting til vinnustaðanámssjóðs var 150 m.kr. á fjárlögum 2014. Við það bættust 55 milljónir sem veittar voru til vinnustaðanámssjóðs frá verkefninu „Nám er vinnandi vegur". Á árinu hafði sjóðurinn um 189 milljónir til ráðstöfunar eftir að styrkveitingar ársins 2013 voru gerðar upp, að frádregnum umsýslukostnaði.

Ákveðið var af stjórn að fjölga umsóknarfrestum úr tveimur í fjóra á ári, tveir frestir eru fyrir fyrra tímabil (janúar–júní) og tveir fyrir seinna tímabil (júlí–desember). Styrkupphæð á viku var kr. 12.000 samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Á fyrra tímabili ársins (janúar – júní) bárust samtals umsóknir um styrki fyrir 8.896 vikur vegna 524 nema og var úthlutað styrkjum vegna 7.731 viku. Á seinna tímabili ársins (júlí – desember) bárust samtals umsóknir um styrki fyrir 9.714 vikur vegna 534 nema og var úthlutað styrkjum vegna 7.870 vikna. Styrkupphæðin var kr. 12.000 á viku og heildarúthlutun því 187,2 m.kr. Heildarfjöldi umsókna var 308, þar af voru 12 umsóknir ekki samþykktar. Helstu ástæður eru að vinnustaðanámi hafi verið lokið eða að sótt hafi verið um áður fyrir sömu nema. Styrkjunum var úthlutað til tæplega 200 lögaðila og var heildarfjöldi rúmlega 700 nemar, sjá lista yfir úthlutanir á bls. 5.

Styrkjum var úthlutað til 39 greina, langmest til matreiðslu (36%), sjá töflu sem sýnir skiptingu á milli námsbrauta og starfsgreina.

Til samanburðar eru birtar tölur yfir úthlutanir áranna 2011-2014:

| Tímabil | Fjöldi fyrirtækja/stofnana | Fjöldi nemenda | Greiðsla per viku | Heildarúthlutun |
|---|---|---|---|---|
| **Haust 2011** | 56 | 182 | 20.000 kr. | 54,5 m.kr. |
| **Vor 2012** | 113 | 352 | 17.000 kr. | 83,8 m.kr. |
| **Haust 2012** | 110 | 396 | 14.000 kr. | 76,5 m.kr. |
| **Vor 2013** | 134 | 491 | 12.000 kr. | 75,8 m.kr. |
| **Haust 2013** | 119 | 402 | 12.000 kr. | 72,0 m.kr. |
| **Vor 2014** | 142 | 498 | 12.000 kr. | 94,4 m.kr. |
| **Haust 2014** | 118 | 492 | 12.000 kr. | 92,8 m.kr. |

## Lokaorð formanns stjórnar

Eins og fram kemur í skýrslu þessari er mikil aðsókn í styrki til vinnustaðanáms og er það mat stjórnar að styrkirnir nái tilætluðum árangri þrátt fyrir að fjárhæðir hafi lækkað eftir því sem aðsókn hefur aukist. Stjórnin hefur talið óráðlegt að lækka viðmiðunarfjárhæð (12.000 kr. á viku) frekar en nú er og telur að með því að lækka hana dragi úr áhrifum styrkjanna til þess að efla vinnustaðanám. Eins og staðan er í dag stefnir í að fækka verði úthlutunum úr fjórum í tvær til þess að draga úr umsýslukostnaði þannig að sem mest fjármagn fari í sjálfa styrkina. Jafnframt er óhjákvæmilegt að hugað verði að því að auka það fjármagn sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar til þess að mæta eftirspurn því að enginn vafi leikur á því að þessum fjármunum er vel varið og styrkirnir til þess fallnir að efla og styrkja starfsmenntun í landinu.

Ólafur G. Kristjánsson

Ólafur Grétar Kristjánsson
formaður stjórnar vinnustaðanámssjóðs

**Listi yfir úthlutanir árið 2014**

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **101 Hár ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Afltak ehf.** | Húsasmíði | 2 | 25 | 300.000 |
| **AK rafverktakar ehf.** | Rafvirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **Akurskóli** | Félagsmála- og tómstundabraut, skólaliðabraut | 3 | 12 | 144.000 |
| **Al bakstur ehf.** | Bakaraiðn | 1 | 16 | 192.000 |
| **Alhliða pípulagnir sf.** | Pípulagnir | 15 | 344 | 4.128.000 |
| **Ametyst hár- og förðunarstofa ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 16 | 192.000 |
| **Anna María Design** | Gull- og silfursmíði | 1 | 16 | 192.000 |
| **Aurora ehf.** | Gull- og silfursmíði | 1 | 16 | 192.000 |
| **Austurströnd ehf** | Bakaraiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Ás Styrktarfélag** | Félagsliðabraut | 4 | 20 | 240.000 |
| **Átak heilsurækt ehf/Aqua spa** | Snyrtifræði | 4 | 69 | 828.000 |
| **B.B. bílaréttingar ehf** | Bifreiðasmíði og bílamálun | 2 | 24 | 288.000 |
| **B.Markan-Pípulagnir ehf.** | Pípulagnir | 2 | 10 | 120.000 |
| **Bakarameistarinn ehf.** | Bakaraiðn | 4 | 76 | 912.000 |
| **Bankastræti 2 ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 4 | 84 | 1.008.000 |
| **Bautinn ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 10 | 188 | 2.256.000 |
| **Bergsmíði ehf.** | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Bergþór Ragnarsson** | Pípulagnir | 1 | 24 | 288.000 |
| **Bílabúð Benna ehf.** | Bifvélavirkjun | 2 | 48 | 576.000 |
| **Bílaverkstæði Jóa ehf.** | Bifvélavirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **Bílaþjónusta Péturs ehf.** | Bifvélavirkjun | 2 | 28 | 336.000 |
| **Bílson ehf.** | Bifvélavirkjun | 5 | 120 | 1.440.000 |
| **BL ehf.** | Bifvélavirkjun og bifreiðasmíði | 4 | 96 | 1.152.000 |
| **Bláa Lónið hf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 33 | 654 | 7.848.000 |
| **Bogi ehf.** | Gull- og silfursmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Borgarholtsskóli** | Félagsliðabraut | 1 | 5 | 60.000 |
| **Brautin ehf.** | Bílamálun | 2 | 32 | 384.000 |
| **Bú ehf.** | Matreiðsla | 7 | 151 | 1.812.000 |
| **Comfort Snyrtistofa ehf.** | Snyrtifræði | 5 | 56 | 672.000 |
| **Cosmetics ehf.** | Snyrtifræði | 1 | 8 | 96.000 |
| **Egill Steinar Gíslason** | Húsasmíði | 1 | 6 | 72.000 |

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Esja Gæðafæði ehf.** | Kjötiðn | 7 | 118 | 1.416.000 |
| **Eygló Heilsulind ehf.** | Snyrtifræði | 1 | 13 | 156.000 |
| **Eyjablikk ehf.** | Málmiðn og vélvirkjun | 2 | 24 | 288.000 |
| **Eykt ehf.** | Húsasmíði | 5 | 74 | 888.000 |
| **Fagsmíði ehf.** | Húsasmíði | 6 | 86 | 1.032.000 |
| **Fagus ehf.** | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Ferskar kjötvörur** | Kjötiðn | 7 | 104 | 1.248.000 |
| **Félags-/skólaþjón Snæfellinga** | Félagsliðabraut | 1 | 8 | 96.000 |
| **Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs** | Félagsliðabraut | 1 | 16 | 192.000 |
| **Fiskmarkaðurinn ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 21 | 422 | 5.064.000 |
| **Fjölbrautaskóli Snæfellinga** | Félagsliðabraut | 1 | 3 | 36.000 |
| **Flugleiðahótel ehf.** | Matreiðsla, framreiðsla og bakaraiðn | 118 | 2202 | 26.424.000 |
| **Fríðuhús-dagvistun minnissjúkra** | Félagsliðabraut | 1 | 10 | 120.000 |
| **G 15 ehf** | Gull- og silfursmíði | 1 | 8 | 96.000 |
| **Gaflarar ehf.** | Rafvirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **Gamla Fiskfélagið ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 17 | 300 | 3.600.000 |
| **Garðvík ehf.** | Skrúðgarðyrkja | 2 | 27 | 324.000 |
| **GE lagnir ehf.** | Pípulagnir | 2 | 48 | 576.000 |
| **GJ Veitingar ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 5 | 120 | 1.440.000 |
| **Glugga og hurðasmiðja SB ehf** | Húsasmíði | 1 | 20 | 240.000 |
| **Grasagarður Reykjavíkur** | Garðyrkjuframleiðsla | 1 | 24 | 288.000 |
| **GRB ehf.** | Kjötiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Grill markaðurinn ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 35 | 724 | 8.688.000 |
| **Grund** | Sjúkraliðanám | 8 | 32 | 384.000 |
| **Gullsmiðir Bjarni og Þórarinn ehf.** | Gull- og silfursmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **GuSt ehf.** | Kjólasaumur | 1 | 16 | 192.000 |
| **Gæðabakstur ehf.** | Bakaraiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hairdoo ehf.** | Hársnyrtiiðn | 4 | 51 | 612.000 |
| **Halldór Kristinsson** | Gull- og silfursmíði | 1 | 13 | 156.000 |
| **Hans Ragnar** | Húsasmíði | 1 | 20 | 240.000 |
| **Hár í höndum, hársnyrtistofa ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 28 | 336.000 |
| **Hár og dekur ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 48 | 576.000 |
| **Hárform ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hárgreiðslustofa Helenu - Stubbalubbar** | Hársnyrtiiðn | 2 | 30 | 360.000 |

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Hárgreiðslustofan Cleó ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hárgreiðslustofan Manda** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hárhúsið ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 48 | 576.000 |
| **Hárnet ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hársnyrtistofa Österby ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hársnyrtistofan Korner ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 27 | 324.000 |
| **Hársnyrtistofan Nína ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Hárstúdíóið Sunna** | Hársnyrtiiðn | 1 | 20 | 240.000 |
| **HBH byggir ehf.** | Húsgagnasmíði | 2 | 44 | 528.000 |
| **Heild ehf.** | Pípulagnir | 1 | 14 | 168.000 |
| **Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins** | Læknaritarabraut, heilbrigðisritari og sjúkraliðanám | 5 | 30 | 360.000 |
| **Héðinn hf.** | Vélvirkjun og rennismíði | 10 | 173 | 2.076.000 |
| **Hérastubbur ehf.** | Bakaraiðn | 2 | 46 | 552.000 |
| **Hjá Jóa Fel. - brauð- og kökulist ehf.** | Bakaraiðn | 3 | 72 | 864.000 |
| **Holtaskóli** | Félagsliðabraut | 1 | 6 | 72.000 |
| **Hótel Saga ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 17 | 298 | 3.576.000 |
| **Hrafnista Hafnarfirði** | Sjúkraliðanám | 6 | 26 | 312.000 |
| **Hrafnista Kópavogi** | Sjúkraliðanám | 4 | 16 | 192.000 |
| **Hrafnista Reykjavík** | Sjúkraliðanám | 6 | 26 | 312.000 |
| **Húsamálun ehf.** | Málaraiðn | 2 | 36 | 432.000 |
| **Húsgagnaverkstæðið ehf.** | Húsgagnasmíði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Höfnin ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 5 | 87 | 1.044.000 |
| **Ísafoldarprentsmiðja ehf.** | Prentsmíð (grafísk miðlun) | 1 | 24 | 288.000 |
| **Íshamar verktakar ehf.** | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Íslandshótel hf.** | Matreiðsla | 1 | 20 | 240.000 |
| **K6 ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 8 | 192 | 2.304.000 |
| **Kaupfélag Skagfirðinga** | Kjötiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **KH veitingar ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 24 | 524 | 6.288.000 |
| **Kjarnafæði hf.** | Kjötiðn | 10 | 217 | 2.604.000 |
| **Klipphúsið ehf** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Klæðskerahöllin ehf.** | Klæðskurður og kjólasaumur | 3 | 30 | 360.000 |
| **Kopar Restaurant ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 8 | 160 | 1.920.000 |

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Kraftbílar ehf.** | Bifvélavirkjun | 1 | 20 | 240.000 |
| **Kristján Jónsson** | Rafvirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **K-TAK ehf.** | Húsasmíði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Kúltura ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Kökulist** | Bakaraiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.** | Pípulagnir | 2 | 48 | 576.000 |
| **Lagnir og þjónusta ehf.** | Pípulagnir | 1 | 24 | 288.000 |
| **Laguz hönnun ehf.** | Kjólasaumur/ klæðskurður | 2 | 32 | 384.000 |
| **Landspítali háskólasjúkrahús** | Félagsliðabraut, sjúkraliðanám, hjúkrunarritarabraut, heilbrigðisritarabraut, matartæknabraut | 137 | 889 | 10.668.000 |
| **Lipurtá ehf.** | Snyrtifræði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Listasafnið hótel Holt** | Matreiðsla | 2 | 32 | 384.000 |
| **Litamálun ehf.** | Málaraiðn | 2 | 48 | 576.000 |
| **Litco ehf.** | Málaraiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Límtré Vírnet ehf.** | Vélvirkjun | 1 | 17 | 204.000 |
| **Lóðalausnir ehf.** | Skrúðgarðyrkja | 1 | 8 | 96.000 |
| **Lækur** | Félagsliðabraut | 1 | 3 | 36.000 |
| **Meitill ehf.** | Vélvirkjun og bifvélavirkjun | 23 | 413 | 4.956.000 |
| **Modus hárstofa ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 24 | 288.000 |
| **Mosfellsbakarí** | Bakaraiðn | 3 | 63 | 756.000 |
| **Mótandi ehf.** | Húsasmíði | 2 | 32 | 384.000 |
| **Mörk hjúkrunarheimili** | Félagsliðabraut, sjúkraliðanám | 10 | 42 | 504.000 |
| **Nonni Gull/Gullsmiðir Bjarni og Þórarinn ehf.** | Gull- og silfursmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Noon ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 48 | 576.000 |
| **Norðlenska matborðið ehf.** | Kjötiðn | 15 | 316 | 3.792.000 |
| **Nýherji hf.** | Rafeindavirkjun | 2 | 48 | 576.000 |
| **Object ehf.** | Snyrtifræði | 2 | 37 | 444.000 |
| **Perm ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 8 | 96.000 |
| **Pípulagnir Samúels og Kára** | Pípulagnir | 1 | 16 | 192.000 |
| **Pottur ehf.** | Matreiðsla | 8 | 191 | 2.292.000 |
| **Radisson BLU Hótel Saga** | Matreiðsla og framreiðsla | 15 | 264 | 3.168.000 |
| **Rafeyri ehf.** | Rafvirkjun | 8 | 119 | 1.428.000 |
| **Rafgæði ehf.** | Rafvirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **Rafvolt ehf.** | Rafvirkjun | 1 | 18 | 216.000 |
| **Rakarastofan Dalbraut ehf.** | Hársnyrtiiðn | 2 | 28 | 336.000 |

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Rauði Krossinn í Reykjavík** | Félagsliðabraut | 2 | 6 | 72.000 |
| **Reykjavíkurborg** | Félagsliðabraut, félagsmála- og tómstundabraut, garðplöntubraut | 14 | 89 | 1.068.000 |
| **Reynihlíð hf.** | Matsveinanám/ matreiðsla | 4 | 63 | 756.000 |
| **Reynir bakari ehf.** | Bakaraiðn | 3 | 58 | 696.000 |
| **Reynir Einarsson** | Húsasmíði | 2 | 13 | 156.000 |
| **Réttingaverkstæði Jóns B. Ehf.** | Bifreiðasmíði og bílamálun | 2 | 48 | 576.000 |
| **Rio Tinto Alcan á Íslandi hf** | Vélvirkjun og rafeindavirkjun | 17 | 232 | 2.784.000 |
| **S. Sigurðsson heildverslun ehf.** | Hársnyrtiiðn | 1 | 10 | 120.000 |
| **S.m.a.k. ehf.** | Gull- og silfursmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Salon sf.** | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Samhjálp,félagasamtök** | Félagsliðabraut | 1 | 10 | 120.000 |
| **Saumsprettan ehf.** | Klæðskurður og kjólasaumur | 5 | 56 | 672.000 |
| **Senter ehf.** | Hársnyrtiiðn | 3 | 71 | 852.000 |
| **Sérverk ehf.** | Húsgagnasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **SI raflagnir ehf.** | Rafvirkjun og rafveituvirkjun | 3 | 31 | 372.000 |
| **Símafélagið ehf.** | Rafeindavirkjun | 2 | 41 | 492.000 |
| **Sjávargrillið ehf.** | Matreiðsla | 15 | 310 | 3.720.000 |
| **Sjö í höggi ehf.** | Klæðskurður | 1 | 16 | 192.000 |
| **Skraddarinn á Horninu** | Klæðskurður | 2 | 32 | 384.000 |
| **Sláturfélag Suðurlands** | Kjötiðn | 5 | 75 | 900.000 |
| **Slippurinn Akureyri ehf.** | Vélvirkjun, stálsmíði og rennismíði | 32 | 200 | 2.400.000 |
| **Snyrti og nuddstofan Paradís** | Snyrtifræði | 8 | 125 | 1.500.000 |
| **Snyrtistofa Ólafar ehf.** | Snyrtifræði | 1 | 12 | 144.000 |
| **Snyrtistofan Ágústa ehf** | Snyrtifræði | 1 | 22 | 264.000 |
| **Snyrtistofan Ársól** | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Snyrtistofan Dimmalimm slf.** | Snyrtifræði | 2 | 39 | 468.000 |
| **Snyrtistofan Gyðjan ehf.** | Snyrtifræði | 4 | 80 | 960.000 |
| **Snyrtistofan Helena fagra ehf** | Snyrtifræði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Snyrtistofan Hrund ehf.** | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Snyrtistofan Jóna ehf.** | Snyrtifræði | 4 | 69 | 828.000 |
| **Snyrtistofan Lind ehf** | Snyrtifræði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Snyrtistofan Vilja ehf.** | Snyrtifræði | 2 | 43 | 516.000 |
| **SS Hús ehf.** | Húsasmíði | 1 | 20 | 240.000 |

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---|---|---|---|
| **Stálsmiðjan-Framtak ehf.** | Vélvirkjun, rennismíði og húsasmíði | 20 | 224 | 2.688.000 |
| **Stjóri ehf.** | Múraraiðn | 1 | 8 | 96.000 |
| **Stofnlagnir ehf.** | Pípulagnir | 1 | 24 | 288.000 |
| **Svansprent ehf.** | Prentsmíð (grafísk miðlun) | 2 | 30 | 360.000 |
| **Sveinsbakarí ehf.** | Bakaraiðn | 3 | 48 | 576.000 |
| **Tapas ehf.** | Matreiðsla | 1 | 24 | 288.000 |
| **Tectum ehf.** | Húsasmíði | 1 | 12 | 144.000 |
| **Thea ehf.** | Snyrtifræði | 2 | 40 | 480.000 |
| **Tis ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 13 | 273 | 3.276.000 |
| **Tímadjásn,skartgripaverslun** | Gull- og silfursmíði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Trésmiðjan Akur ehf.** | Húsasmíði | 2 | 48 | 576.000 |
| **Veitingahúsið Perlan ehf.** | Matreiðsla og framreiðsla | 8 | 176 | 2.112.000 |
| **Vélboði ehf.** | Vélvirkjun og stálsmíði | 2 | 27 | 324.000 |
| **Viðmið ehf.** | Húsasmíði | 5 | 120 | 1.440.000 |
| **Víkurraf ehf.** | Rafvirkjun | 1 | 18 | 216.000 |
| **VT Húsasmíðameistari ehf.** | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| **Þemasnyrting ehf.** | Snyrtifræði | 1 | 14 | 168.000 |
| **ÞG verktakar ehf.** | Húsasmíði | 2 | 31 | 372.000 |
| **Samtals** | | **990** | **15.601** | **187.212.000** |

* Einn nemi er tvítalinn ef sótt var um styrk fyrir hann á báðum tímabilum ársins. Um 740 nemar, þegar nöfn eru talin.

## Skipting úthlutunar eftir starfsnámsbrautum á árinu 2014

| Starfsnámsbrautir | Vilyrði | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar** | **105.672.000** | **56,45%** |
| Bakaraiðn | 6.612.000 | 3,53% |
| Framreiðsla | 20.724.000 | 11,07% |
| Kjötiðn | 10.536.000 | 5,63% |
| Matartæknabraut | 216.000 | 0,12% |
| Matreiðsla | 67.188.000 | 35,89% |
| Matsveinanám | 396.000 | 0,21% |
| **Snyrtigreinar** | **18.192.000** | **9,72%** |
| Hársnyrtiiðn | 8.076.000 | 4,31% |
| Snyrtifræði | 10.116.000 | 5,40% |

| Starfsnámsbrautir | Vilyrði | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Bygginga- og mannvirkjagreinar** | **17.364.000** | **9,28%** |
| Húsasmíði | 7.668.000 | 4,10% |
| Húsgagnasmíði | 1.680.000 | 0,90% |
| Málaraiðn | 1.296.000 | 0,69% |
| Múraraiðn | 96.000 | 0,05% |
| Pípulagnir | 6.624.000 | 3,54% |
| **Heilbrigðis- og félagsgreinar** | **14.172.000** | **7,57%** |
| Félagsliðabraut | 1.956.000 | 1,04% |
| Heilbrigðisritarabraut | 576.000 | 0,31% |
| Hjúkrunarritarabraut | 288.000 | 0,15% |
| Læknaritarabraut | 168.000 | 0,09% |
| Sjúkraliðanám | 11.184.000 | 5,97% |
| **Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar** | **14.124.000** | **7,54%** |
| Grunndeild málmiðna | 144.000 | 0,08% |
| Rennismíði | 840.000 | 0,45% |
| Stálsmíði | 720.000 | 0,38% |
| Vélvirkjun | 12.420.000 | 6,63% |
| **Farartækja- og flutningsgreinar** | **6.360.000** | **3,40%** |
| Bifreiðasmíði | 720.000 | 0,38% |
| Bifvélavirkjun | 4.824.000 | 2,58% |
| Bílamálun | 816.000 | 0,44% |
| **Rafiðngreinar** | **4.824.000** | **2,58%** |
| Rafeindavirkjun | 1.440.000 | 0,77% |
| Rafveituvirkjun | 132.000 | 0,07% |
| Rafvirkjun | 3.252.000 | 1,74% |
| **Hönnunar- og handverksgreinar** | **4.548.000** | **2,43%** |
| Gull- og silfursmíði | 2.364.000 | 1,26% |
| Kjólasaumur | 888.000 | 0,47% |
| Klæðskurður | 1.296.000 | 0,69% |
| **Garðyrkja** | **1.104.000** | **0,59%** |
| Garðplöntubraut | 396.000 | 0,21% |
| Garðyrkjuframleiðsla | 288.000 | 0,15% |
| Skrúðgarðyrkja | 420.000 | 0,22% |
| **Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar** | **648.000** | **0,35%** |
| Prentsmíð (grafísk miðlun) | 648.000 | 0,35% |
| **Uppeldis- og tómstundagreinar** | **204.000** | **0,11%** |
| Félagsmála- og tómstundabraut | 132.000 | 0,07% |
| Skólaliðabraut | 72.000 | 0,04% |
| **Samtals** | **187.212.000** | **100,00%** |